

Bókmenntir málnotkun og ritun

Lögð er áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Nemendur lesa fjölbreytta bókmenntatexta og smásögur og skila umsögn um kjörbók. Nemendur læra grunnatriði í bókmenntafræði og læra að beita grunnhugtökum í henni. Lögð er áhersla á grunnþætti málfræði og stafsetningu og málnotkun. Nemendur kynnst bragfræði og stílbrögðum í ljóðum. Nemendur fá innsýn í hugmyndaheim sögualdar með því að lesa eina Íslendingasögu.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu
- beygingareinkennum og greiningu í orðflokka
- helstu stafsetningareglum
- uppsetningu, byggingu og framsetningu stuttra ritsmíða
- helstu undirstöðuhugtökum bókmennta
- grunnatriðum í bragfræði
- mikilvægi góðra vinnubragða

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreytta texta og endursegja efni
- að nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til þess að efla eigin málfærni
- nota helstu bókmenntahugtök í skriflegri og munnlegri umfjöllun um bókmenntir
- byggja upp og ganga frá stuttum ritsmíðum
- beita bragfræðihugtökum
- setja verkefni skýrt og skipulega fram

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í ræðu og riti
- lesa bókmenntaverk og aðra texta sér til gagns og gamans
- útskýra einkenni bundins máls og nota valin bókmenntahugtök
- nýta orðaforða, beita málinu og rita rétt
- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málsniði
- vanda vinnubrögð

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg lokapróf.